

Eftirlit með eftirlitinu

Um starfsemi allra fyrirtækja gilda reglur, þótt það sé mjög misjafnt hverjar þær eru eða hvaða hagsmunum þeim er ætlað að vernda. Hjá fyrirtækjum í starfsleyfisskyldri starfsemi, s.s. fjármála-fyrirtækjum, er regluverkið til að mynda mjög flókið á meðan önnur fyrirtæki þurfa minna að huga að gildandi reglum í daglegum störfum.

Það á við um öll fyrirtæki að stjórnendur og starfsmenn vilja fylgja reglum eins og þær eru á hverjum tíma. Menn geta haft skiptar skoðanir á því hversu gagnlegar þær eru og hvort undirliggjandi hagsmunir réttlæta reglurnar, en raunveruleikinn er sá að þegar reglur hafa verið settar þá er lítið annað að gera en fylgja þeim. Önnur umræða er hvort ástæða er til að breyta reglum eða einfalda, en stjórnvöld eru almennt hvött til að huga að einföldun að því gefnu að undirliggjandi hagsmunir njóti áfram verndar og staðið sé við alþjóðlegar skuldbindingar okkar. Þá er mikilvægt að festa sé í framkvæmd og túlkun stjórnvalda á reglum.

Stóra verkefnið sem allir glíma við er hvernig má tryggja sem best að reglum sé fylgt. Forsvarsmenn fyrirtækja vilja ekki fyrst komast að því að eitthvað hafi farið úrskeiðis þegar rannsókn stjórnvalds er hafin eða jafnvel þegar íþyngjandi niðurstaða liggur fyrir, s.s. ákvörðun um viðurlög.

Ákveðin þekking þarf að vera innan fyrirtækis á regluverkinu. Þar sem nýjar reglur eru oft mjög flóknar og sértækar getur það verið hægara sagt en gert að vera með alla þekkingu innanhúss. Þjálfun og kennsla frá sérfræðingum kemur þá til sögunnar. Úttektir á hlítinu eða fylgni við reglur er ein leið til að minnka áhættu á íþyngjandi ákvörðunum stjórnvalda eða dómstóla eða ágreiningi við þessa aðila og gera vinnuumhverfi fyrirtækja meira aðlaðandi, bæði fyrir stjórnendur og annað starfsfólk. Á þetta ekki síst við þegar fyrirtæki þurfa að aðlaga sig að og tileinka sér nýjar reglur. Gott dæmi úr samtímanum eru til að mynda nýjar persónuverndarreglur. En það sama gildir til dæmis um samkeppnisreglur sem hafa verið í gildi um langa hríð og eru í stöðugri þróun, auk regluverks á fjölmörgum öðrum sviðum. Þá er reglum verðbréfamarkaðarins ætlað að stuðla að því að efla traust og trúverðugleika á verðbréfamörkuðum. Allir starfsmenn þurfa að vera meðvitaðir og hafa grundvallar þekkingu á hlutaðeigandi sviðum og skilgreina þarf ferli sem er virkjað ef eitthvað fer úrskeiðis. Til þess að kortleggja hvort starfsemi sé í samræmi við gildandi reglur og hvort hætta er á frávikum frá því geta úttektir og fræðsla komið að góðum notum.

Það er alltaf gagnlegt að byrgja brunnninn áður en barnið dettur ofan í – annars kunna afleiðingarnar að verða meiri en margan óraði fyrir.



Helga Melkorka Óttarsdóttir
hæstaréttarlögmaður
hjá LOGOS.

„Úttektir á hlítinu eða fylgni við reglur er ein leið til að minnka áhættu á íþyngjandi ákvörðunum stjórnvalda eða dómstóla eða ágreiningi við þessa aðila og gera vinnuumhverfi fyrirtækja meira aðlaðandi, bæði fyrir stjórnendur og annað starfsfólk.“